

AFRIT

Nr.	Lagt fram í Héraðsdómi Reykjavíkur
33	þann 22.11.12

Elsabet Sigurðardóttir
Laufengi 2
112 Reykjavík



Lyfjastofnun

Icelandic Medicines Control Agency
Eiðistorg 13-15, 172 Seltjarnarnes
P.O. Box 180; Kennitala: 670900-2740
Tel: +(354)-520-2100, Fax: +(354)-561-2170
www.lyfjastofnun.is - lyfjastofnun@lyfjastofnun.is

Seltjarnarnes, 17. febrúar 2009
Tilvísun: 31 / Málsnr:2009020175

Kæra Elsabet.

Lyfjastofnun vísar í erindi þitt, dags. 3. febrúar sl., móttekið 13. febrúar sl., um sjálfsvíg sonar þíns.

Fyrir hönd Lyfjastofnunar leyfi ég mér að votta þér og fjölskyldu þinni samúð vegna andláts sonar þíns.

Varðandi efni bréfs þíns þá skal tekið fram að það er rétt að ein af alvarlegum aukaverkunum lyfsins Concerta eru sjálfsvígshugleiðingar.

Spurningum sem varpað er fram í bréfi þínu lúta að meðferð sonar þíns hjá læknum og heilbrigðisstofnunum. Það er hlutverk Lyfjastofnunar að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf og hafa eftirlit með starfsemi lyfjafyrirtækja. Það er hins vegar hlutverk Landlæknisembættisins að hafa eftirlit með starfsemi heilbrigðisstétta þ.m.t. lækna og eftirlit með lyfjaávisunum lækna.

Lyfjastofnun mun því framsenda erindi þitt til Landlæknis til meðferðar í samræmi við 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

F.h. Lyfjastofnunar,

Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri